

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 97/2010

frá 1. október 2010

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2010 frá 30. apríl 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/97/EB frá 3. ágúst 2009 um breytingu á tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipana ráðsins 2002/53/EB og 2002/55/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrðin vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna í landbúnaði og grænmetistegunda ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/145/EB frá 26. nóvember 2009 um tilteknar undanþágur sem varða samþykki fyrir staðaryrkjum og yrkjum í landbúnaði, sem hefð er fyrir því að rækta á tilteknum stöðum og svæðum og eru í hættu vegna erfðatæringar, og fyrir yrkjum grænmetis, sem hafa ekkert raunverulegt gildi í ræktun í viðskiptaskyni, en hafa verið þróuð til ræktunar við sérstök skilyrði og um setningu fræs af þessum staðaryrkjum og yrkjum á markað ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði III. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/90/EB) og 15. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/91/EB) í 1. hluta:

„– **32009 L 0097**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/97/EB frá 3. ágúst 2009 (Stjtið. ESB L 202, 4.8.2009, bls. 29).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 181, 15.7.2010, bls. 11, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 15.7.2010, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 202, 4.8.2009, bls. 29.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 312, 27.11.2009, bls. 44.

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 54. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/109/EB) í 2. hluta:

„55. **32009 L 0145:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/145/EB frá 26. nóvember 2009 um tilteknar undanþágur sem varða samþykki fyrir staðaryrkjum og yrkjum í landbúnaði, sem hefð er fyrir því að rækta á tilteknum stöðum og svæðum og eru í hættu vegna erfðatæringar, og fyrir yrkjum grænmetis, sem hafa ekkert raunverulegt gildi í ræktun í viðskiptaskyni, en hafa verið þróuð til ræktunar við sérstök skilyrði og um setningu fræs af þessum staðaryrkjum og yrkjum á markað (Stjtið ESB L 312, 27.11.2009, bls. 44).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2009/97/EB og 2009/145/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. október 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.